

SIGURÐUR KRISTINSSON

## Háskóli í þágu lýðræðis

### *Inngangur*<sup>1</sup>

Samkvæmt nýlegri greiningu á opinberum stefnuskjölum um háskóla á Íslandi eru hugmyndir um lýðræðislegt hlutverk þeirra óljósar og ómótaðar auk þess að falla í skuggann af þrástefinu um gæði og samkeppnishæfni.<sup>2</sup> Þetta er sérstakt áhyggjuefni í ljósi þess að í 2. gr. laga um háskóla nr. 63/2006 segir: „Háskóli undirbýr nemendur til ábyrgðar þátttöku í lýðræðissamfélagi“. Opinber stefnumörkun háskólanna virðist því miður ekki taka lýðræðisákvæðið nógu alvarlega þó að það hafi verið í háskólalögunum frá 2012.<sup>3</sup>

Það er á ábyrgð íslenskra háskóla að rannsaka, ígrunda og efla samband sitt við lýðræði á Íslandi. Markmið þessarar greinar er að hvetja til og leggja af mörkum til slíkrar ígrundunar með skipulegri greiningu á lýðræðislegu gildi háskóla. Með þessu er ekki gefið í skyn að það eina sem veiti háskólastarfi gildi sé sá lýðræðislegi ávinningur sem af því hlýst. Í háskólum hefur

- 
- <sup>1</sup> Grein þessi er hluti rannsóknarverkefnisins Háskólar og lýðræði: Gagnrýnin greining á borgaralegu hlutverki háskóla í lýðræðisþjóðfélagi, sem styrkt var af Rannís (#184684). Vinna við ritun greinarinnar naut einnig góðs af úthlutun rannsóknarmissisris við Háskólann á Akureyri. Höfundur er þakklátur samstarfsfólki í rannsóknarhópnum fyrir góðar umræður og gagnlegar ábendingar; þar á Jón Torfi Jónasson sérstakar þakkir skildar. Ritrynum eru einnig færðar þakkir fyrir gagnlegar athugasemdir sem leiddu til betrumbóta.
- <sup>2</sup> Valgerður S. Bjarnadóttir, Anna Ólafsdóttir og Guðrún Geirsdóttir, „Prástef, þagnir og mótsagnir um lýðræðislegt hlutverk íslenskra háskóla“, *Stjórnsmál & stjórnsýsla* 15: 2/2019, bls. 183–204, hér bls. 191–199.
- <sup>3</sup> Lög nr. 67/2012. Lög um breytingu á lögum um háskóla, nr. 63/2006 (sjálfstæði og lýðræði í háskólum, réttindi fatlaðra nemenda). Svipaða ályktun má draga af greiningu Ingólfs Ásgeirs Jóhannessonar, „Excellence, innovation, and academic freedom in university policy in Iceland“, *Stjórnsmál & stjórnsýsla* 9: 1/2013, bls. 79–99, hér bls. 94–95.



Ritið  
3. tbl. 22. árg. 2022 (169–198)  
Ritrynd grein

© 2022 Ritið, tímarit Hugvísindastofnunar  
og höfundar greinarinnar

Útgefandi:  
Hugvísindastofnun Háskóla Íslands,  
Sæmundargötu 2, 102 Reykjavík

Birtist á vefnum <http://www.ritid.hi.is>.  
Tengiliður: [ritid@hi.is](mailto:ritid@hi.is)

DOI: 10.33112/ritid.22.3.6  
Birt samkvæmt skilmálum  
Creative Commons BY (4.0).

verið iðkaður lærdómur frá því löngu áður en lýðræðislegt þjóðskipulag kom til sögunnar og gildi hans hefur meðal annars falist í því hvernig hann hefur gagnast ólýðræðislegum samfélögum. Hér verður sjónarhornið hins vegar þrengt og athyglinni beint sérstaklega að sambandi háskóla við lýðræði. Með því að gera greinarmun á því sem kalla má notagildi, táknrænt gildi, framlagsgildi og annars stigs innra gildi háskólastarfs frá sjónarhóli lýðræðis kemur í ljós að margt af því sem stefnt er að í starfi háskóla hefur lýðræðislegt gildi. Um leið og þetta er ljóst skapast forsendur fyrir því að velja gagnert að varðveita og ýta undir þessa þætti í stað þess að láta reka á reiðanum og treysta því að íslenskt lýðræði spjari sig án þess að hlúð sé að því sérstaklega í starfi og stefnumótun háskóla.

### *Háskólaumræða og ógnir við lýðræði*

Á íslenskum vettvangi var fræðileg umræða um einkenni og hlutverk háskólastarfs lengi vel borin uppi af verkum Páls Skúlasonar, sem komu meðal annars inn á þjóðfélagslegt mikilvægi háskólamenntunar og fræðastarfs.<sup>4</sup> Þótt Páll notaði sjaldnast orðið ‚lýðræði‘ lagði hann áherslu á lýðræðislega mikilvæga þætti háskólastarfs á borð við róttæka þjóðfélagsgagnrýni og borgaramenntun. Hann óf þessa þræði löngu síðar inn í þá heildarsýn á mál-efni háskóla sem fram kom í *Háskólapælingum*<sup>5</sup> og naut þar góðs af reynslu sinni af starfi rektors Háskóla Íslands 1997–2005 og síðan setu í háskólaráð-um innanlands og utan. Í millitíðinni hafði efnahagshrunið 2008 ýtt af stað nauðsynlegri umræðu um lýðræðislegt hlutverk háskóla<sup>6</sup> og í kjölfarið voru gerðar rannsóknir sem staðfestu útbreiddan áhuga háskólafélks á Íslandi á

<sup>4</sup> Sjá til dæmis „Viðhorf til menntunar“, *Pælingar*, Reykjavík: Háskólaútgáfan, 1987, bls. 299–308; „Heimspékideild, háskólinn og þjóðfélagið“, sama rit, bls. 319–324; „Menntun og stjórnmal“, sama rit, bls. 325–346; og „Forspjallsvísindi“, *Pælingar II*, Reykjavík: Háskólaútgáfan, 1989, bls. 139–148.

<sup>5</sup> Páll Skúlason, *Háskólapælingar. Um stefnu og stöðu háskóla í samtímanum*, Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2014.

<sup>6</sup> Sjá Vilhjálmur Árnason, „Árvekni eða auðsveipni. Hlutverk hugvísindamanna í samfélagsumræðu“, *Hugsniðar: Um siðferði, stjórnmal og samfélag*, Reykjavík: Háskólaútgáfan og Siðfræðistofnun, 2014, bls. 187–202; Irma Erlingsdóttir, „Af veikum mætti. Abyrgðar- og gagnrýnishlutverk háskóla“, *Ritið* 1/2011, bls. 11–24; Jón Ólafsson, „Róttækur háskóli – tvíræður háskóli“, *Ritið* 1/2011, bls. 25–46; Jón Torfi Jónason, „Háskólar og gagnrýnin þjóðfélagsumræða“, *Ritið* 1/2011, bls. 47–64; Sverrir Jakobsson, „Háskólar. Valdastofnanir eða viðnámsafl?“, *Ritið* 1/2011, bls. 77–90; Vilhjálmur Árnason, Salvör Nordal og Kristín Ástgeirsdóttir, *Víðauki 1, Siðferði og starfsbættir í tengslum við fall íslensku bankanna 2008*, Rannsóknarnefnd Alþingis, 2010, kaffi III.3 Háskólasamfélagið.

að koma samfélaginu til góða með þátttöku í gagnrýninni þjóðfélagsumræðu<sup>7</sup> og einnig áhyggjur þess af hlutlægni rannsókna sem kostaðar eru af einkaaðilum.<sup>8</sup> Lýðræðisákvæðið kom inn í háskólalögin 2012 í tengslum við áherslu stjórnvalda á lýðræði og mannréttindi á öllum skólastigum í kjölfar hrunsins, en svo virðist sem því stefnumiði hafi verið ýtt til hliðar í kjölfar stjórnarskipta 2013 og aukinn þungi verið lagður á gæði og samkeppni háskólastigsins.<sup>9</sup> Ríkjandi hugmyndir í stefnumarkandi skjölum stjórnvalda frá 2015 og 2016 ganga síðan beinlínis gegn lýðræðislegu hlutverki háskóla.<sup>10</sup> Því er löngu tímabært að lífga við umræðuna um lýðræðishlutverk háskóla, meðal annars vegna þeirra ógna við lýðræði sem blasa við þegar litið er til annarra landa.

Í alþjóðlegri umræðu hefur áhugi á borgaralegu og lýðræðislegu hlutverki háskóla farið vaxandi á undanförunum árum.<sup>11</sup> Hugmyndir um „borg-

<sup>7</sup> Trausti Þorsteinsson, Sigurður Kristinnson og Hjördís Sigursteinsdóttir, „Samfélagslegt hlutverk háskóla“, *Stjórnmal og stjórnsýsla* 8: 2/2012, bls. 281–302.

<sup>8</sup> Sigurður Kristinnson, Hjalti Jóhannesson og Trausti Þorsteinsson, „Samfélagslegt hlutverk háskóla. Kostun í íslenskum háskólum“, *Stjórnmal og stjórnsýsla* 10: 2/2014, bls. 471–495.

<sup>9</sup> Valgerður S. Bjarnadóttir, Anna Ólafsdóttir og Guðrún Geirsdóttir, „Prástef, þagnir og mótsagnir“, bls. 192.

<sup>10</sup> Sama rit, bls 196–198.

<sup>11</sup> Sjá til dæmis Chris Brink, *The Soul of the University. Why Excellence Is Not Enough*. Bristol: Bristol University Press, 2018; Sjur Bergan, Tony Gallagher og Ira Harkavy, *Higher Education for Democratic Innovation* (Vol. 21). Strasbourg: Council of Europe, 2016; Christopher Bertram, „Defending the Humanities in a Liberal Society“, *The Aims of Higher Education. Problems of Morality and Justice*, ritstj. Harry Brighouse og Michael McPherson, Chicago og London: University of Chicago Press, 2015, bls. 26–51; Council of Europe, *Reference Framework of Competences for Democratic Culture (RFCDC) – Guidance Document for Higher Education*, Stasbourg: Council of Europe, 2020; Ronald J. Daniels, *What Universities Owe Democracy*, Baltimore: Johns Hopkins University Press, 2021; John Goddard, Ellen Hazelkorn, Louise Kempton og Paul Vallance (ritstj.), *The Civic University. The Policy and Leadership Challenges*, Cheltenham: Edward Elgar Publishing, 2016; John Goddard, Ellen Hazelkorn, Louise Kempton og Paul Vallance, „Introduction: Why the Civic University?“, *The Civic University. The Policy and Leadership Challenges*, ritstj. John Goddard, Ellen Hazelkorn, Louise Kempton og Paul Vallance, Cheltenham: Edward Elgar Publishing, 2016, bls. 3–15; John Goddard, *Reinventing the Civic University*, London: NESTA, 2009; Rachel F. Moran, „City on a Hill. Democratic Promise of Higher Education“, *UC Irvine Law Review* 7: 1 /2017, bls. 73–122; Martha C. Nussbaum, *Not for Profit. Why Democracy Needs the Humanities*, Princeton og Oxford: Princeton University Press, 2010; Morgan White, *Towards a Political Theory of the University – Public Reason, Democracy and Higher Education*, London og New York: Routledge, 2017.

aralegan háskóla“ (e. *civic university*) hafa verið settar fram, rökræddar og hrint í framkvæmd með ýmsum hætti. Slíkar hugmyndir eru mótvægi við ofuráherslu stjórnvalda víða um heim á skjótfenginn efnahagslegan ávinning af háskólastarfi og hugmyndir um háskólamenntun og þekkingu sem einstaklingsgæði.<sup>12</sup> Þær eru líka andstæðar þeirri lífseigu hugmynd að meginverkefni og réttlætning fyrir starfsemi háskóla felist í „hreinni“ sannleiksleit þeirra óháð samfélagslegum ávinningi.<sup>13</sup> Í stað þess að horfa á háskólann ýmist sem uppsprettu efnahagslegra eða andlegra verðmæta er spurt hvernig háskólar séu uppspretta samfélagslegra verðmæta í víðari skilningi með skírskotun til siðferðilegra gilda.<sup>14</sup> Nýjar áherslur á borgaralegt og lýðræðislegt hlutverk háskóla koma skýrt fram í því hvernig *Magna Charta Universitatum* yfirlýsingin um grunnildi og ábyrgð háskóla var endurskoðuð árið 2020, 32 árum eftir upphaflega samþykkt.<sup>15</sup> Í nýju útgáfunni er lögð sérstök áhersla á borgaralegt hlutverk og ábyrgð háskóla sem er bæði hnattræn og staðbundin, ásamt lýðræðislegum gildum á borð við jafnræði, umburðarlyndi, fjölbreytni í viðhorfum, sanngirni og menntun sem almannagæði og mannréttindi. Alls hafa 947 háskólar frá 94 löndum undirritað yfirlýsinguna, þar á meðal Háskóli Íslands sem staðfesti árið 2021 aðild sína að breytingunum.

Aukin alþjóðleg umræða um lýðræðishlutverk háskóla ætti ekki að koma á óvart í ljósi þess hvernig fjarað hefur undan lýðræðisþróun í heiminum undanfarna áratugi. Samkvæmt rannsóknum Varieties of Democracy Institute bjó meira en fjórðungur mannkyns í löndum á braut lýðræðis árið 1996 en árið 2020 hafði þetta hlutfall lækkað niður í 5%. Í árlegri skýrslu stofnunarinnar árið 2019 var bent á þrenns konar hnattræna ógn við lýðræðið: (1) Stjórnvöld misbeiti áhrifum sínum á fjölmiðla, borgaralegt samfélag, réttarríkið og kosningar; (2) Eitruð skautun umræðu og viðhorfa fari vaxandi; og (3) stafræn tækni sé notuð til að dreifa röngum upplýsingum.<sup>16</sup>

<sup>12</sup> Ellen Hazelkorn og Andrew Gibson, „Public Goods and Public Policy: What is Public Good, and Who and What Decides?“, *Higher Education* 78/2019, bls. 257–271.

<sup>13</sup> Sjá til dæmis Godfrey Harold Hardy, *Málsvörn stærðfræðings*, Reynir Axelsson þýddi, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2011 [kom fyrst út á ensku 1940].

<sup>14</sup> Samanber greinarmun Páls Skúlasonar á veraldlegum, andlegum og siðferðilegum gæðum, sjá Páll Skúlason, *Siðfræði. Um erfiðleika í siðferði og forsendur ákvarðana*, Reykjavík: Rannsóknarstofnun í siðfræði, 1990, hér bls. 24–40.

<sup>15</sup> Magna Charta Observatory, *Magna Charta Universitatum 2020*, Bologna: Magna Charta Observatory, 2020. Sótt 26. apríl 2022 af <http://www.magna-charta.org/magna-charta-universitatum/mcu-2020>.

<sup>16</sup> Anna Lührmann, Lisa Gastaldi, Sandra Grahn, Staffan I. Lindberg, Laura Maxwell, Valeriya Mechkova, Richard Morgan, Natalia Stepanova og Shreeya Pillai, *V-Dem Annual Democracy Report 2019. Democracy Facing Global Challenges*, Gauta-

Fyrsta skýrsla stofnunarinnar kom út 2017 og bar heitið *Democracy at Dusk?* Skýrslur hennar frá árunum 2020–2022 vísa allar í titli til einræðisvæðingar: *Autocratization Surges – Resistance Grows*<sup>17</sup> *Autocratization Turns Viral*<sup>18</sup> og *Autocratization Changing Nature?*<sup>19</sup> Óþarft er að fjölyrða um það hvernig baráttan fyrir lýðræði komst á nýtt stig á alþjóðavettvangi með innrás rússneskra hersveita í Úkraínu í febrúar 2022. Undanfarinn áratug hefur orðið æ ljósara hve margar ógnir steðja að lýðræðinu og má þar raunar nefna margt fleira: Áróður,<sup>20</sup> skautun viðhorfa,<sup>21</sup> þjóðernislýðhyggju,<sup>22</sup> ójöfnuð, minnkandi umburðarlyndi, hatursglæpi, tortryggni á upplýsingar, vísvitandi blekkingar, átök um málfrelsi og gjár milli fólks í tengslum við sjálfsmyndastjórnsmál.<sup>23</sup> Þá er ótalin ofgnótt upplýsinga,<sup>24</sup> áhrif samfélagsmiðla á upplýsingaflæði<sup>25</sup> og vantraust á stofnunum lýðræðisins.<sup>26</sup> Loks getur það talist ógn

borg: Varieties of Democracy Institute, 2019; sjá einnig Ronald J. Daniels, *What universities owe democracy*, bls. 15.

<sup>17</sup> Anna Lührmann, Seraphine F. Maerz, Sandra Grahn, Nazifa Alizada, Lisa Gastaldi, Sebastian Hellmeier, Garry Hindle og Staffan I. Lindberg, *Autocratization Surges – Resistance Grows. Democracy Report 2020*. Gautaborg: Varieties of Democracy Institute, 2020.

<sup>18</sup> Nazifa Alizada, Rowan Cole, Lisa Gastaldi, Sandra Grahn, Sebastian Hellmeier, Palina Kolvani, Jean Lachapelle, Anna Lührmann, Seraphine F. Maerz, Shreeya Pillai og Staffan I. Lindberg, *Autocratization Turns Viral. Democracy Report 2021*, Gautaborg: Varieties of Democracy Institute, 2021.

<sup>19</sup> Vanessa A. Boese, Nazifa Alizada, Martin Lundstedt, Kelly Morrison, Natalia Natsika, Yuko Sato, Hugo Tai og Staffan I. Lindberg, *Autocratization Changing Nature? Democracy Report 2022*. Gautaborg: Varieties of Democracy Institute, 2022.

<sup>20</sup> Tetyana Kloubert, „Propaganda as a (New) Challenge of Civic Education“, *European Journal for Research on the Education and Learning of Adults* 9: 2/2018, bls. 139–159; Jason Stanley, *How Propaganda Works*. Princeton og Oxford: Princeton University Press, 2015.

<sup>21</sup> Murat Somer og Jennifer McCoy, „Transformations Through Polarizations and Global Threats to Democracy“, *Annals of the American Academy* 681/2019, bls. 8–22.

<sup>22</sup> Eiríkur Bergmann, *Neo-Nationalism. The Rise of Nativist Populism*, Cham: Springer Nature Switzerland, 2020.

<sup>23</sup> Mitja Sardoc, „Democratic Education at 30: An interview with Dr. Amy Gutmann“, *Theory and Research in Education* 16: 2/ 2018, bls. 244–252.

<sup>24</sup> John S. Dryzek, André Bächtiger, Simone Chambers, Joshua Cohen, James N. Druckman, Andrea Felicetti, James S. Fishkin, David M. Farrell, Archon Fung, Amy Gutmann, Héléne Landemore, Jane Mansbridge, Sofie Marien, Michael A. Neblo, Simon Niemeyer, Maija Setälä, Rune Slothuus, Jane Suiter, Dennis Thompson og Mark E. Warren, „The Crisis of Democracy and the Science of Deliberation“, *Science* 363/2019, bls. 1144–1146.

<sup>25</sup> Robinson Meyer, „The Grim Conclusions of the Largest-Ever Study of Fake News“, *The Atlantic*, 8. mars 2018. Sótt 22. apríl 2022 af <https://www.theatlantic.com/technology/archive/2018/03/largest-study-ever-fake-news-mit-twitter/555104/>.

<sup>26</sup> OECD, *Trust in Government*. Sótt 26. apríl 2022 af <https://www.oecd.org/gov/>

við lýðræði að engin stofnun hefur það meginhlutverk að verja það og stuðla að framþróun þess í samfélaginu. Háskólar gætu verið slíkar stofnanir.<sup>27</sup>

Ógnir við lýðræði hafa gert spurningar um lýðræðislegt hlutverk háskóla enn brýnni en áður víða um lönd. Meðal þeirra sem hvatt hafa háskóla til að setja lýðræðislegt hlutverk sitt í forgang eru reyndir háskólastjórnendur í Bandaríkjunum. Amy Gutmann, rektor Pennsylvaníuháskóla og höfundur grundvallarritsins *Democratic Education*<sup>28</sup>, sagði til dæmis í viðtali árið 2018:

Í ljósi þeirra gífurlegu samfélagslegu og pólitísku breytinga sem nú blasa við jafnvel í sumum af stöðugustu lýðræðisríkjum heimsins – tilhneigingar til ættarhyggju (e. *tribalism*), afgerandi skautunar í fylgi við stjórnmaláhreyfingar, afturhvarfs frá hugarfari borgaralegrar ábyrgðar og síendurtekinnar framrásar útendingahaturs, rasisma, andúðar á gyðingum og áróðurs gegn múslimum – þá væri mjög við hæfi að rifja upp mikilvægi lýðræðislegra markmiða menntunar.<sup>29</sup>

Þá sendi Ronald J. Daniels, rektor Johns Hopkins háskóla, frá sér merka bók árið 2021 sem nefnist *What Universities Owe Democracy*. Þar fjallar hann ítarlega og með skírskotun í sögu bandarískra háskóla um þátt þeirra í að skapa félagslegan hreyfanleika, menntun til lýðræðis, þekkingu í þágu lýðræðis og menningarlega fjölbreytni. Bókin kom út eftir að æstur múgur hafði ráðist á bandaríska þinghúsið í upphafi árs 2021 og er sterkt ákall um að háskólar leggi lýðræðishlutverk sitt til grundvallar í stefnumótun og starfi:

Háskólinn getur ekki, sem stofnun, verið sinnulaus um andstöðu sína við valdboðshyggju, stuðning sinn við reisin og frelsi, skuldbindingu sína við umburðarlynt samfélag margra kynþátta, eða staðfasta trú sína á að sannleikur og staðreyndir skuli liggja til grundvallar þegar sameiginlegar ákvarðanir eru teknar [...] þessi bráðnauðsynlega stofnun verður ekki aðeins að nýta tækifærið til að skilja hvað amar að okkar frjálslynda lýðræði, hún verður einnig

---

trust-in-government.htm.

<sup>27</sup> Sjá Sigurður Kristinsson, „Constructing Universities for Democracy“, *Studies in Philosophy and Education*, rafræn birting 17. nóvember 2022, <https://doi.org/10.1007/s11217-022-09853-5>.

<sup>28</sup> Amy Gutmann, *Democratic Education*, Princeton: Princeton University Press, 1987.

<sup>29</sup> Mitja Sardoc, „Democratic Education at 30“, bls. 247.

að ganga lengra í að greina sinn eigin þátt í að hlúa að frjálslyndu lýðræði, hvar hún hefur hjálpað til og hvar hún hefur brugðist, og síðan að beita sér af öllum kröftum við að bæta upp það sem henni hefur mistekist.<sup>30</sup>

Ákall Daniels á brýnt erindi til íslenskra háskóla ekki síður en háskóla í öðrum ríkjum. Eins og glöggst má ráða af þeirri gagnrýni sem kom fram á íslenska stjórnsiði í kjölfar efnahagshrunsins 2008 er ekki hægt að ganga að því vísu að á Íslandi sé lýðræðið ávallt við hestaheilsu hvað sem líður ógnum við það í öðrum löndum.

### *Hugmyndin um háskóla*

Stefnumótun háskóla veltur á því hvernig tveimur grundvallarspurningum er svarað: „Hvað eru háskólar?“ og „hvernig ættu háskólar að vera?“ Fyrri spurningin kallar á svör sem eru lýsandi fyrir þann veruleika sem vísað er til með orðinu „háskóli“, bæði í sögu og samtíma. Á slíkum svörum er reynt að byggja spádóma um það hvernig háskólar muni þróast og hvernig raunhæft sé að reyna að hafa áhrif á þróun þeirra.<sup>31</sup> Síðari spurningin kallar á gildisdóma um þau verðmæti sem starfsemi háskóla felur í sér, kallar fram, eða er hluti af.

Kenningar um háskóla leitast gjarnan við að svara báðum þessum spurningum þannig að úr verði heildstæð mynd eða háskólalíkan. Hér má nefna sem dæmi áhrifamiklar eldri kenningar höfundu á borð við Wilhelm von Humboldt,<sup>32</sup> John Henry Newman,<sup>33</sup> Jose Ortega y Gasset,<sup>34</sup> Karl Jaspers<sup>35</sup>

<sup>30</sup> Ronald J. Daniels, *What Universities Owe Democracy*, bls. 249–251.

<sup>31</sup> Brendan Cantwell, „What University Makes a Public Good?“, *Globalisation, Societies and Education* 20(1)/2021, bls. 56–63; Roger Pizarro Milian og Scott Davies, „Forecasting the Impacts of the „Future Work“ on Universities. A Sociological Perspective“, *On the Horizon* 28: 1/ 2020, bls. 63–71.

<sup>32</sup> Wilhelm von Humboldt, „On the Spirit and the Organizational Framework of Intellectual Institutions in Berlin“, *Minerva* 8/1970, bls. 242–250. Kom fyrst út á þýsku 1810.

<sup>33</sup> John Henry Newman, *The Idea of a University*, London: Aeterna Press, 2015. Kom fyrst út 1852.

<sup>34</sup> Jose Ortega y Gasset, *Mission of the University*, New York: Routledge, 1946. Kom fyrst út á spænsku 1930.

<sup>35</sup> Karl Jaspers og Kurt Rossman, *Die Idee der Universität*, Heidelberg: Springer-Verlag Berlin, 1961.

og Michael Oakshott,<sup>36</sup> en líka nýlegar kenningar um „nýsköpunarháskólann“,<sup>37</sup> „borgaralega háskólann“,<sup>38</sup> „virka háskólann“,<sup>39</sup> „alþjóðlega rannsóknarháskólann“,<sup>40</sup> „valdeflda háskólann“<sup>41</sup> og svo mætti áfram telja. Chris Brink<sup>42</sup> lýsir þessari deiglu í háskólaumræðu samtímans þannig að tekist sé á um „sál háskólans“, en Clark Kerr<sup>43</sup> greindi nútímaháskóla eftirstriðsáranna einmitt þannig að hann hefði margar sálir og væri því ekki eitt heldur margt. Áberandi þáttur í umræðu um háskóla á síðari tímum er að settar eru fram almennar lýsingar sem draga fram neikvæða eða ískyggilega þætti. Slíkar lýsingar eru ekki settar fram sem boðandi líkön heldur sem gagnrýni, einkum á það hvernig markaðsvæðing nýfrjálslyggjunnar hefur sett mark sitt á háskóla undanfarna áratugi og hvernig sú þróun grafi undan því gildi sem háskólastarf geti haft eða ætti að hafa.<sup>44</sup> Annað dæmi um lýsingar sem

<sup>36</sup> Michael Oakshott, „The Idea of a University“, *The Voice of Liberal Learning. Michael Oakshott on Education*, ritstj. Timothy Fuller, London: Yale University Press, 1989, bls. 95–104. Ritgerð Oakshotts kom fyrst út 1950.

<sup>37</sup> Maribel Guerrero og David Urbano, „The Development of an Entrepreneurial University“, *The Journal of Technology Transfer* 37: 1/2012, bls. 43–74.

<sup>38</sup> Sjur Bergan og fleiri, *Higher Education for Democratic Innovation*; John Goddard, *Reinventing the Civic University*; John Goddard og fleiri, (ritstj.) *The Civic University*, John Goddard og fleiri, „Introduction. Why the Civic University?“

<sup>39</sup> Matthew Hartley, „Reclaiming the Democratic Purposes of American Higher Education. Tracing the Trajectory of the Civic Engagement Movement“, *Learning and Teaching*, 2: 3/2009, bls. 11–30.

<sup>40</sup> Brendan Cantwell, „What University Makes a Public Good?“

<sup>41</sup> Freeman A. Hrabowski III, *The Empowered University*, Baltimore: Johns Hopkins University Press, 2019.

<sup>42</sup> Chris Brink, *The Soul of the University*.

<sup>43</sup> Clark Kerr, *The Uses of the University*, 5. útg. Cambridge, MA: Harvard University Press, 2001. Fyrsta útgáfa kom út 1963.

<sup>44</sup> Sjá til dæmis Claire Donovan, „From Multiversity to Postmodern University“, *Routledge Handbook of the Sociology of Higher Education*, ritstj. James E. Côté og Andy Furlong, Routledge, 2016, bls. 85–93; Peter Fleming, *Dark Academia. How Universities Die*, London: Pluto Press, 2021; Stefan Collini, *Speaking of Universities*, London og New York: Verso Books, 2017; Henry A. Giroux, *University in Chains: Confronting the Military-Industrial Academic Complex*, New York: Routledge, 2007; Henry A. Giroux, „Neoliberal Savagery and the Assault on Higher Education as a Democratic Public Sphere“, *The University Untaught. Notes for a Future*, ritstj. Debaditya Bhattacharya, London: Routledge India, 2018, bls. 120–134; Bill Readings, *The University in Ruins*, Cambridge, MA: Harvard University Press, 1997; Claire Skea, „Emerging Neoliberal Academic Identities. Looking beyond Homo economicus“, *Studies in Philosophy and Education* 40/2021, bls. 1–16; Asger Sørensen, „Visiting the Neo-Liberal University. New Public Management and Conflicting Normative Ideas. A Danish case“, *Journal of Educational Controversy* 10: 1/2015,



fela í sér gagnrýni er þegar háskólum er lýst með áherslu á þátt þeirra í nýlendustefnu.<sup>45</sup>

Ljóst er að umræðan um spurningarnar tvær, „hvað er háskóli?“ og „hvernig ættu háskólar að vera?“ er fjölradda og býður upp á ólík sjónarhorn. Páll Skúlason lýsir þessari fjölbreytni þannig: „háskólahugmyndin lifir enn og tekur á sig ótal ólíkar myndir í raunverulegum háskólum.“<sup>46</sup> Nafni hans Pavel Zgaga tekur örlítið dýpra í árinni: „Hugmyndin um háskóla – hin eina sanna hugmynd um háskóla – er dauð. En hafið engar áhyggjur, nú blasir við fögur sjón þúsund blómstrandi jurta á gröf hennar.“<sup>47</sup> Það er í þessu samhengi „þúsund blómstrandi jurta“ sem hér verður lögð áhersla á að draga fram þá þætti í starfi háskóla sem skipta mestu máli fyrir lýðræðið. Með þeirri áherslu er ekki sagt að önnur sjónarhorn skipti ekki máli eða að hið eina og endanlega markmið háskólastarfs sé að þjóna lýðræðinu sem best. Háskólar þjóna mörgum hlutverkum, í þeim leynast margir kimar og þeir hafa mörg ólík andlit. En það er einmitt þess vegna sem hættu er á að lýðræðishlutverkið týnist, gleymist, eða hverfi í skuggann og því er þörf á að gaumgæfa háskólastarf sérstaklega frá sjónarhóli þess mikilvæga grunn-gildis sem lýðræðið er í samfélagi okkar. Undir lok þessarar greinar mun ég færa rök fyrir því að háskólastarf sé ekki einungis mikilvægt heldur beinlínis nauðsynlegt lýðræðinu; lýðræðið kæmist ekki af án háskólastarfs af því tagi sem hefur lýðræðislegt gildi. Því vil ég ganga svo langt að segja að á háskólum hvíli sú skylda að endurhugsa hlutverk sitt. Rétt eins og það getur brugðið til beggja vona með lýðræðisþróun í samfélaginu þá getur brugðið til beggja vona með þá þætti háskólastarfs sem eru lýðræðinu nauðsynlegir.

### *Margræðni lýðræðishugtaksins*

Hvorki í háskólalögnum né opinberum stefnuskjölum er útlistað hvað átt er við með orðunum „háskóli undirbýr nemendur til ábyrgrar þátttöku í lýðræðissamfélagi,“ en lýðræðishugtakið má túlka á ólíka vegu ekki síður en hugmyndina um háskóla. Lýðræði hefur verið skilgreint sem aðferð við sameiginlega ákvarðanatöku sem einkennist af jöfnuði allra sem hlut eiga að

---

grein 6 [rafrænt tímarit]. Sótt af <https://cedar.wvu.edu/jec>.

<sup>45</sup> Brendan Cantwell, „What University Makes a Public Good?“

<sup>46</sup> Páll Skúlason, „Hvað er góður háskóli? Hugleiðing um þróun háskóla og ólík viðhorf til þeirra í samtímanum“, *Háskólapælingar*, bls. 37–62, hér bls. 61.

<sup>47</sup> Pavel Zgaga, „Review of Ronald Barnett, *Being a University*“, *Studies in Philosophy and Education* 31/2012, bls. 419–426, hér bls. 419.

máli á lykilstigi málsins.<sup>48</sup> Þetta er mjög sértæk skilgreining en um leið og farið er að lýsa hugtakinu nánar skilja leiðir með ólíkum túlkunum. Hugmyndin um frjálslýnt lýðræði (e. *liberal democracy*) einkennist til dæmis af áherslu á frelsi og formleg, neikvæð réttindi einstaklinga ásamt skiptingu ríkisvaldsins;<sup>49</sup> hugmyndin um þjóðræði (e. *republican democracy*) dregur fram jafna stöðu borgaranna og möguleika þeirra á að taka virkan þátt í sameiginlegri mótun almannaviljans;<sup>50</sup> og hugmyndin um rökræðulýðræði (e. *deliberative democracy*) felur í sér að lýðræðislegar ákvarðanir byggist á frjálstri, sanngjarnri og upplýstri þjóðfélagsumræðu.<sup>51</sup> Til viðbótar við útlistanir á lýðræði sem stjórnskipulagi bætast svo hugmyndir um lýðræði sem lífsmáta, sem John Dewey tengdi grundvallarmarkmiðum menntunar.<sup>52</sup> Margt fleira mætti nefna sem of langt mál væri að telja hér. Í greiningunni sem hér fer á eftir verður ekki tekin afstaða til þess hvort einn skilningur lýðræðishugtaksins sé réttari en annar, heldur verða dregnir fram þættir háskólastarfs sem allir ættu að hafa gildi fyrir lýðræði. Sumir þeirra hafa meira vægi frá sjónarhóli einnar túlkunar á lýðræði en annarrar, en flestir skipta máli sama hvaða sýn á lýðræði er valin.

### *Tegundir lýðræðislegs gildis háskóla*

Eins og allt annað sem hefur gildi getur háskólastarf ýmist haft gildi í sjálfu sér eða þegið það frá einhverju öðru.<sup>53</sup> Þegar eitthvað hefur gildi í sjálfu sér

<sup>48</sup> Tom Christiano og Bajaj Sameer, „Democracy“, *The Stanford Encyclopedia of Philosophy*, Edward N. Zalta ritstj., vor 2022, sótt af <https://plato.stanford.edu/archives/spr2022/entries/democracy/>.

<sup>49</sup> Shane D. Courtland, Gerald Gaus og David Schmidtz, „Liberalism“, *The Stanford Encyclopedia of Philosophy*, Edward N. Zalta ritstj., vor 2022, sótt af <https://plato.stanford.edu/archives/spr2022/entries/liberalism/>.

<sup>50</sup> Philip Pettit, *On the People's Terms. A Republican Theory and Model of Democracy*. Cambridge: Cambridge University Press, 2012.

<sup>51</sup> Vilhjálmur Árnason, „Valdið fært til fólksins: Veikleikar og verkefni íslensks lýðræðis í aðdraganda og eftirmálum hrunsins“, *Hugsmiðar*, bls. 149–186, hér bls. 178; Jürgen Habermas, „Deliberative Politics“, *Democracy*, ritstj. D. Estlund, Malden MA: Blackwell, 2002, bls. 107–125; Mitja Sardoc, „Democratic Education at 30“.

<sup>52</sup> John Dewey, *Democracy and Education. An Introduction to the Philosophy of Education*. New York: Simon and Schuster, 1997 (kom fyrst út 1916).


<sup>53</sup> Hér er stuðst við eftirtaldir greiningar á ólíkum tegundum gilda: Christine M. Korsgaard, „Two Distinctions in Goodness“, *The Philosophical Review* 92: 2/1983, bls. 169–195; Rae Langton, „Objectivity and the Unconditioned Value“, *The Philosophical Review* 116: 2/2007, bls. 157–185; Elena Ziliotti, „Democracy's Value: A Conceptual Map“, *Journal of Value Inquiry* 54/2020, bls. 407–427.

er talað um *innra gildi* þess (e. *intrinsic value*) en þegar það þiggur gildi sitt frá tengslum sínum við eitthvað annað má tala um *ytra gildi* þess (e. *extrinsic value*). Margir telja, svo dæmi sé tekið, að vinátta geti haft gildi í sjálfu sér þó að hún geti líka þegið að minnsta kosti hluta gildis síns utan frá, svo sem vegna nytseminnar eða ánægjunnar sem af henni hlýst. Að svo miklu leyti sem háskólar þiggja gildi frá tengslum sínum við lýðræðið er um að ræða ytra gildi; háskólar eru verðmætir vegna tengsla sinna við eitthvað annað sem er verðmætt, það er lýðræði.<sup>54</sup>

Augljósasta tegund ytra gildis er þegar eitthvað er tæki eða leið að verðmætu markmiði; það hefur *notagildi* (e. *instrumental value*). Til dæmis getur gildi skóflu legið í því að með henni er hægt að grafa skurð, sem svo aftur þiggur gildi sitt frá gagnsemi þess að leggja rör í jörðu og svo framvegis, þar til komið er að einhverju verðmætu markmiði sem þessi röð gagnlegra atriða endar í og gefur þeim gildi sitt. Sama skófla getur líka í vissum aðstæðum þegið gildi sitt af því að með henni er hægt að reka niður staur, ógna innbrotshjófi og margt fleira sem ekki var endilega haft í huga við hönnun skóflunnar. Háskólar geta með svipuðum hætti þegið gildi sitt frá þeim margvíslegu verðmætu afleiðingum sem starf þeirra hefur, bæði ætluðum og tilfallandi, svo sem að skapa nýja þekkingu og leiða til nýsköpunar, veita sérhæfða og almenna menntun, stuðla að upplýstri þjóðfélagsumræðu, mennta fagstéttir, stuðla að félagslegri og efnahagslegri framþróun og svo framvegis.

Ytra gildi hlutar eða fyrirbæris getur þó einnig legið í öðru en verðmætum afleiðingum þess (e. *non-instrumental value*). Skóflan í dæminu hér á undan gæti til dæmis haft *táknrænt gildi* um að eigandi hennar hafi yndi af garðyrkju eða jafnvel, ef skóflan er erfðagripur, um að eigandinn tilheyrir ákveðinni fjölskyldu. Háskólar geta með svipuðum hætti haft gildi sem tákn um sjálfsmýnd og fullveldi þjóðar, stöðu samfélagsins, framfarir, nútímavæðingu, þekkingu, menningu og svo framvegis. Ytra gildi hlutar eða fyrirbæris getur einnig legið í því að það er hluti af verðmætri heild, svo sem þegar vængur flugvélar er verðmætur vegna framlags síns til þess að vélin getur flogið. Háskólar geta á sama hátt þegið gildi sitt af framlagi sínu til þess kerfis stofnana sem heldur samfélaginu gangandi. Slíkt *framlagsgildi* felst ekki í því að vera leið að markmiði heldur í því að vera hluti af verðmætri heild.

<sup>54</sup> Þó er rétt að nefna að ef hugmyndin um háskóla væri útfærð á grundvelli kenninga Deweys um nauðsynleg tengsl menntunar og lýðræðis myndi gildi lýðræðis vafalaust falla að verulegu leyti saman við innra gildi háskóla.



Mynd 1. Gildi háskóla frá sjónarhóli lýðræðis

Sú flokkun gilda sem sýnd er á Mynd 1 á sér fyrirmynd í umfjöllun Elenú Ziliotti um gildi lýðræðis,<sup>55</sup> en flokkuninni er hér beitt til að varpa ljósi á lýðræðislegt gildi háskóla. Augljósasti flokkurinn er notagildið; háskólar hafa lýðræðislegt gildi vegna þess hvernig þeir viðhalda og efla lýðræði í þjóðfélaginu með þekkingarsköpun, með mótun lýðræðishæfni og lýðræðismenningar og síðast en ekki síst með skuldbindingu við sannleikann.

### Lýðræðislegt notagildi háskóla

#### Þekkingarsköpun

Háskólar eru stofnanir þar sem þekking, sem nýta má í opinberri stefnumótun og ákvörðunum stjórnvalda, er sköpuð, varðveitt og henni miðlað. Ef við gefum okkur að þegar stefnumótun og ákvarðanir í sameiginlegum málum byggjast á traustri þekkingu endurspegli þær betur lýðræðislegan vilja samfélagsins, þá er hér um að ræða lýðræðislegt notagildi. Fyrir þessari forsendu hafa verið færð margvísleg rök sem of langt mál væri að rekja hér.<sup>56</sup> Til að lýðræði fái þrífist verður að ríkja traust á stjórnvöldum, sem aftur krefst þess að almenningur hafi trú á því að opinberir embættismenn séu hæfir til að meta hvað er satt og rétt hverju sinni og skuldbundnir til að greina heiðarlega frá staðreyndum.<sup>57</sup> Upplýstur almannavilji er meira virði og hefur meira

<sup>55</sup> Elena Ziliotti, „Democracy’s Value“, bls. 412.

<sup>56</sup> Sjá til dæmis Ronald J. Daniels, *What Universities Owe Democracy*, bls. 131–186.

<sup>57</sup> William Galston, *Truth and Democracy*, Philadelphia: University of Pennsylvania Press, 2012, bls. 130–145.

lýðræðislegt gildi en almannaþingur sem byggist á fáfræði og röngum upplýsingum. Þessi meginþáttur lýðræðis er mjög háður þeirri þekkingarleit sem fram fer í háskólum ásamt því hugarfari og færni gagnrýnnar hugsunar sem er nauðsynlegur fylgifyrirlýsingur hennar.

Sköpun þekkingar í háskólum hefur einnig þýðingu fyrir lýðræðið vegna þess að það krefst lifandi lýðræðisvitundar. Lýðræði verður aldrei fullmótað heldur er það ávallt verk í vinnslu. John Dewey orðaði þetta svo að lýðræðið „þurfi sífellt að vera uppgötvað, uppgötvað að nýju, endurskapað og endurskipulagt“.<sup>58</sup> Háskólar þjóna lýðræðinu með því að skapa nýja þekkingu á lýðræðinu sjálfu, þar á meðal þekkingu sem verður til með tilraunum<sup>59</sup> og einnig nýjar leiðir til að túlka og skilja sjálfa lýðræðishugmyndina, afdrif hennar og tengsl við aðra þætti samfélagsins.<sup>60</sup> Rannsóknir á sviði lögfræði, sem upphaflega fóru af stað í háskólum í tengslum við það verkefni að mennta lögfræðinga en þróuðust áfram í háskólaumhverfi sem „studdi við þrotlausu leit mannshugans að fyllri skilningi“,<sup>61</sup> má líta á sem rannsóknir á mikilvægum þáttum lýðræðis. Sama á við um rannsóknir í stjórnmálafræði, sagnfræði, félagsfræði, menntunarfræði, hagfræði og ýmsum greinum hugvísinda, þar á meðal heimspeki. Án þeirrar þekkingar á lýðræðinu sem þar er sköpuð og endursköpuð væri það í margfalt meiri hættu en nú.

### Lýðræðishæfni og lýðræðismenning

Annað mikilvægt dæmi um lýðræðislegt notagildi háskólastarfs er að almennt aðgengi að háskólamenntun eykur lýðræðishæfni borgaranna.<sup>62</sup> Þessi

<sup>58</sup> John Dewey, „The Challenge of Democracy to Education“, *John Dewey. The Later Works, 1925–1953. Volume 11: 1935–1937*, ritstj. Jo Ann Boydston, Carbondale og Edwardsville: Southern Illinois University Press, 1987, bls. 181–190, hér bls. 182. Ritgerðin kom fyrst út 1937. Sjá einnig Gert Biesta, „Education and the Democratic Person: Towards a Political Conception of Democratic Education“, *Teachers College Record*, 109: 3/ 2007, bls. 740–769, hér bls. 744.

<sup>59</sup> John S. Dryzek og fleiri, „The Crisis of Democracy and the Science of Deliberation“; James S. Fishkin, „Virtual Public Consultation. Prospects for Internet Deliberative Democracy“, *Online Deliberation. Design, Research, and Practice*, ritstj. Todd Davies og Seeta P. Gangadharan, Stanford: CSLI Publications, 2009, bls. 23–35.

<sup>60</sup> Sjá til dæmis Guðmundur Heiðar Frímansson, *Skólar og lýðræði. Um borgaramenntun*, Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2018 og Vilhjálmur Árnason og Henry A. Henryson (ritstj.), *Íslenskt lýðræði. Starfsvenjur, gildi og skilningur*, Reykjavík: Háskólaútgáfan og Siðfræðistofnun, 2018.

<sup>61</sup> Stefan Collini, *What Are Universities For?* London: Penguin Books, 2012, bls. 17.

<sup>62</sup> John Ahier, John Beck og Rob Moore, *Graduate Citizens. Issues of Citizenship and Higher Education*. London: Routledge, 2002; Ceryn Evans, Gareth Rees, Chris Taylor og Stuart Fox, „A Liberal Higher Education for All? The Massification of

áhrif eru ekki einungis undir því komin að sem flestir fái notið háskólamenntunar heldur einnig að háskólanám hafi í raun jákvæð áhrif á lýðræðis-hæfni stúdenta í stað þess til dæmis að ýta undir ofmetnað og fyrirlitningu langskólageginnar elítu á próflausum meðborgurum sínum,<sup>63</sup> eða ala af sér þröngmenntaða sérfræðinga sem eru illa færir um að taka þátt í gagnrýninni umræðu um þjóðfélagsmál.<sup>64</sup> Margir hafa fært rök fyrir því að vissar tegundir háskólanáms og áherslur í námskrá séu sérlega áhrifaríkar í þessu efni og þá er gjarnan vísað til hug- og félagsvísinda og þess sem kallað er á ensku „liberal arts education“.<sup>65</sup> Bandarískar rannsóknir hafa sýnt fram á lýðræðisleg áhrif námskrár sem býður upp á fróðleik um pólitískar stofnanir og sögu lýðræðis í opnu kennslurými sem endurspeglar kraft og óreiðu þátttökulýðræðis. Nám af þessu tagi bætti pólitíska þekkingu nemenda og jók líkur á að þeir nýttu kosningarétt sinn ásamt því að styrkja pólitíska gerendavítund þeirra.<sup>66</sup> Finnskar rannsóknir hafa sýnt fram á að hærra menntunarstig helst í hendur við aukna þátttöku í kosningum, án þess þó að ljóst sé hvað það er í menntuninni sjálfri sem skýrir þessa fylgni.<sup>67</sup>

Tengsl háskólamenntunar og lýðræðis blasa við þegar þess er gætt að lýðræðið krefst borgara sem geta myndað sér skoðun á grundvelli röksemda og upplýsinga, geta rökrætt við aðra, sýnt skoðunum annarra umburðarlyndi og tekið þátt í starfi sem miðar að sameiginlegum hagsmunum. Lýðræði dafnar betur eftir því sem fólk hefur meiri áhuga á að bæta samfélag sitt og

---

Higher Education and its Implications for Graduates' Participation in Civil Society“, *Higher Education* 81/2021, bls. 521–535.

<sup>63</sup> Sjá Michael J. Sandel, *The Tyranny of Merit. Can We Find the Common Good?* New York: Picador, 2021, 95–104.

<sup>64</sup> Sjá til dæmis „„Það þýðir ekki að sitja og bíða eftir að hlutirnir gerist af sjálfu sér“ Viðtal við Árna Daníel Júlíusson og Sigrúnu Pálsdóttur um akademíu og efnahagskreppu“, *Sagnir* 29: 1/2009, bls. 8–11.

<sup>65</sup> Christopher Bertram, „Defending the Humanities in a Liberal Society“; Richard T. De George, „Ethics, Academic Freedom and Academic Tenure“, *Journal of Academic Ethics* 1/2003, bls. 11–25; Martha C. Nussbaum, *Not for Profit*; Michael S. Roth, *Beyond the University. Why Liberal Education Matters*, New Haven: Yale University Press, 2014; Mitja Sardoc, „Democratic Education at 30“; Harold T. Shapiro, *A Larger Sense of Purpose*, Princeton og Oxford: Princeton University Press, 2005; Mark C. Taylor, *Crisis on Campus. A Bold Plan for Reforming our Colleges and Universities*, New York: Alfred Knopf, 2010; Fareed Zakaria, *In Defense of a Liberal Education*, New York: Norton & Co, 2016.

<sup>66</sup> Ronald J. Daniels, *What Universities Owe Democracy*, bls. 90–91.

<sup>67</sup> Saara Inkinen og Juhani Saari, „The Educational Correlates of Voting. A Cross Sectional Study of Finnish Undergraduates' Turnout in the 2014 European Parliament Election“, *Scandinavian Political Studies* 42: 1/2019, bls. 1–24.

virka til þess samborgara sína og stjórnmalin, ræða og leggja á ráðin með öðrum um samfélagsleg málefni og ákvarðanir sem varða okkur öll.<sup>68</sup> Vilhjálmur Árnason hefur orðað þetta svo: „borgari þarf að hafa vilja og hæfni til að mæta samborgurum sínum í rökræðu um sameiginleg hagsmunamál. Þjálfun slíkrar rökræðu ætti að vera inntakið í því að búa nemendur undir líf í lýðræðissamfélagi og efla með þeim borgaralega vitund og ábyrgð.“<sup>69</sup> Þetta gerist ekki af sjálfu sér. Nemendur í grunnnámi eru flestir á því aldursskeiði sem ræður miklu um það hvers konar lýðræðisborgarar þeir verða og því hafa háskólar hér mikil tækifæri til jákvæðra áhrifa.

Lýðræðismenning er hugtak sem gjarnan er notað í umræðu um forsendur lýðræðis. Færð hafa verið rök fyrir því að hugvísindi í háskólum geti gegnt lykilhlutverki í að skapa menningu þar sem almenningur veitir stjórnvöldum gagnrýnið aðhald<sup>70</sup> og höfundar áhrifamikilla kenninga fyrri tíma um hlutverk háskóla í nútímasamfélagi lögðu áherslu á þátt háskóla í að skapa menningu sem styður við slíkt samfélag.<sup>71</sup> Lýðræðismenning er lykilhugtak í stóru verkefni, *Hæfnipettir lýðræðismenningar* (e. *Competences for democratic culture*), sem Evrópuráðið heldur úti og miðar að því að skilgreina þá hæfni sem er undirstaða lýðræðismenningar í samfélagi fjölbreytileika. Að baki verkefninu liggur sú hugmynd að til að lýðræðislegar stofnanir og lög geti virkað sem skyldi þurfi rætur þeirra að liggja í lýðræðislegum gildum, viðhorfum, venjum og hæfni sem saman mynda lýðræðislega menningu.<sup>72</sup> Líkanið hefur verið rækilega útfært fyrir öll skólástigi, þar á meðal háskólástigið. Lögð er áhersla á að á háskólástigi sé lýðræðismenning ræktuð með því að ýta undir

<sup>68</sup> Ronald J. Daniels, *What Universities Owe Democracy*, bls. 93.

<sup>69</sup> Vilhjálmur Árnason, *Farsælt líf, réttlátt samfélag – kenningar í siðfræði*, Reykjavík: Heimskringla, 2008, bls. 405.

<sup>70</sup> Leszek Koczanowicz og Rafał Włodarczyk, „Education for Critical Community and the Pedagogy of Asylum“, *Studies in Philosophy and Education* 41/2022, bls. 191–209. Sjá einnig Vilhjálmur Árnason, „Árvekni eða auðsveipni“ og Pál Skúlason, „Heimspékideild, háskólinn og þjóðfélagið“.

<sup>71</sup> Jose Ortega y Gasset, *Mission of the University*; Wilhelm von Humboldt, „On the Spirit and the Organizational Framework of Intellectual Institutions in Berlin“. Páll Skúlason lýsir hugmynd Humboldts meðal annars þannig: „Háskólamenntuninni er ætlað að gera okkur hæfari til að skynja og skilja lífið í heild sinni, hugska skýrari og dýpri hugsanir, verða að þroskaðri manneskjum sem leggja sitt af mörkum til að gera mannlífið fegurra og betra.“ *Háskólapeltingar*, bls. 92.

<sup>72</sup> Council of Europe, *Competences for Democratic Culture. Living Together as Equals in Culturally Diverse Democratic Societies*, Stasbourg: Council of Europe, 2016; Ólafur Páll Jónsson, „Lýðræðisleg hæfni fyrir lýðræðislega menningu“, *Tímarit um uppeldi og menntun* 28: 2/2019, bls. 181–200, hér bls. 182.

lýðræðishæfni stúdenta, með því hvernig stofnanirnar séu reknar, hvernig samskiptum sé háttað í akademísku samfélagi og hvernig stofnanir sem veita háskólamenntun líta á sig sjálfar sem gerendur í þjóðfélaginu. Lögð er sérstök áhersla á heildstæða nálgun hvernar stofnunar þannig að ræktun lýðræðismenningar verði sett í forgang bæði í orði og á borði og samþætt allri starfsemi.<sup>73</sup> Hér geta íslenskir háskólar fundið gagnlega leiðsögn um hvað þeir geta gert til að uppfylla lýðræðisákvæði laga um háskóla nr. 63/2006.

### Skuldbinding við sannleikann

Ein af meginástæðum þess að háskólar eru vel til þess fallnir að ýta undir lýðræðismenningu er skuldbinding þeirra við sannleikann. Í kenningum um hlutverk og einkenni háskóla er gjarnan lögð áhersla á að háskólum er ætlað að vera stofnanir helgaðar sannleiksleit. Oakeshott færði rök fyrir því að meginþátturinn í starfi háskóla sé ákveðin iðja sem þar er stunduð, þ.e. „studium“ eða lærdómur.<sup>74</sup> Stefan Collini<sup>75</sup> leggur áherslu á að í háskólum fari fram þrotlaus leit að betri skilningi og Ronald Barnett<sup>76</sup> tekur í sama streng. Jón Torfi Jónasson dregur saman kenningar Humboldt,<sup>77</sup> Newman,<sup>78</sup> Alfred Whitehead<sup>79</sup> og Robert Wolff<sup>80</sup> með þeim orðum að „skilaboðin sem koma frá þessum ólíku höfundum eru skýr: Háskólinn er samfélag kennara og nemenda sem hafa þann eindregna ásetning að öðlast, varðveita og miðla þekkingu í þágu mannkyns.“<sup>81</sup> Háskólustarf er þannig talið markast af þrotlausri leit að aukinni þekkingu og skilningi.

Tengsl sannleikans við lýðræðið eru djúpstæð og felast í fleiru en því

<sup>73</sup> Council of Europe, *Reference Framework of Competences for Democratic Culture (RFC-DC) – Guidance Document for Higher Education*. Hér virðist gengið út frá því að háskólar gagnist lýðræði í samfélaginu með því að vera sjálfir lýðræðislegir. Um þessa forsendu geta verið skiptar skoðanir, samanber Morgan White, *Towards a Political Theory of the University*.

<sup>74</sup> Michael Oakeshott, „The Idea of a University“.

<sup>75</sup> Stefan Collini, *What Are Universities For?* og Stefan Collini, *Speaking of Universities*.

<sup>76</sup> Ronald Barnett, *Being a University*, Abingdon and New York: Routledge, 2011.

<sup>77</sup> Wilhelm von Humboldt, „On the Spirit and the Organizational Framework of Intellectual Institutions in Berlin“.

<sup>78</sup> John Henry Newman, *The Idea of a University*.

<sup>79</sup> Alfred North Whitehead, „Universities and their Function. Address to the American Association of the Collegiate Schools of Business, 1927“, *The Aims of Education and Other Essays*, New York: Free Press, 1967, bls. 91–101.

<sup>80</sup> Robert Paul Wolff, *The Ideal of the University*, Boston: Beacon Press, 1969.

<sup>81</sup> Jón Torfi Jónasson, *Inventing Tomorrow's University: Who Is to Take the Lead? An Essay of the Magna Charta Observatory*, Bononia University Press, 2008, bls. 44.



gildi þekkingar fyrir upplýstar ákvarðanir sem þegar er getið. Lýðræði felur í sér að pólitískt vald sæki umboð sitt til borgaranna, sem geta haft margvíslega lífssýn og viðhorf til sameiginlegra málefna, en eiga með lýðræðislegum meðulum (stofnunum og ferlum, menningu og hæfni) möguleika á að komast að niðurstöðum sem eru bindandi fyrir alla. Ein meginþraut lýðræðisins er að komast til botns í því hvernig þessi breiði og fjölbreytti grunnur pólitísku valds í viðhorfum almennings geti skilað sér í réttmætu umboði tiltekinna valdhafa til ákvarðana. Þessi gáta verður seint leyst í eitt skipti fyrir öll, en ljóst er að réttmætt umboð valdhafa verður alltaf háð því hvernig til tekst með þjóðfélagsumræðu um sameiginleg málefni borgaranna. Hannah Arendt<sup>82</sup> taldi það vera skilyrði slíkrar umræðu að borgararnir séu sammála um staðreyndir, en benti jafnframt á sorgleg dæmi um að pólitísk öfl spilli þessum staðreyndagrunni með lygum. Að mati Arendt krefjast stjórn málin þess að staðreyndum sé miðlað á heiðarlegan hátt svo að borgararnir byggji „sameiginlegan heim staðreynda“ og geti á grunni þeirra ráðið ráðum sínum. Hér reynir sérstaklega á lýðræðishlutverk fjölmíðla, en háskólar gegna einnig samfélagslegu hlutverki sem griðland sannleiksleitar, enda talar Arendt um þá, ásamt dómstólum, sem „vígi sannleikans“. Arendt telur að stjórn málin þarfnist stofnana þar sem sannleikans er leitað með óvilhöllum hætti, stofnana sem geti skorið úr um hvað sé satt og hvað ósatt óháð þeim hagsmunum og skoðunum sem takast á í heimi stjórn mála. Háskólar hafi þjónað samfélaginu með því að framreiða „afar óþægilegan sannleika“ og dómstólar með því að kveða upp „óvinsæla dóma“. Eigi fjölmíðlar að gegna hlutverki fjórða valdsins þurfi þeir jafnvel enn meiri vernd en dómstólar frá pólitískum afskiptum og félagslegum þrýstingi. Stjórnarskrár ríkja endurspeglu nauðsyn þess að hafa slíkar stofnanir því að sannleikurinn setji stjórn mála um mörk en verði sjálfur ekki útkljáður á sviði stjórn mála eða þjóðfélagsumræðu.<sup>83</sup>

Greining Arendts hefur þótt varpa áhugaverðu ljósi á vanda lýðræðisins á tímum sem stundum eru kenndir við „samfélag eftirsannleika“ (e. *post-truth society*).<sup>84</sup> Að mati Arendt ætti þjóðfélagsumræða að geta átt sér stað í

<sup>82</sup> Hannah Arendt, „Truth and Politics“, *Truth: Engagements Across Philosophical Traditions*, ritstj. David Wood og Jose Medina, Malden, MA: Blackwell Publishing, 2005, bls. 295–314. Ritgerðin birtist fyrst 1967. Hún kom út í íslenskri þýðingu Guðrúnar Evu Mínerudóttur undir heitinu „Sannleikur og stjórn mála“ í safnrítinu *Af ást til heimsins*, ritstj. Sigríður Þorgeirsdóttir, Reykjavík: Heimspekistofnun og Háskólaútgáfan, 2011, bls. 121–164.

<sup>83</sup> „Sannleikur og stjórn mála“, bls. 160–161.

<sup>84</sup> Simone Chambers, „Truth, Deliberative Democracy, and the Virtues of Accura-

„sameiginlegum heimi“ tilvísana til grunnstaðreynda. En bæði fyrr og nú hafa lygar og áróður – þar á meðal falsfréttir samtímans – ruglað fólk svo í ríminu að það fer að líta á staðreyndir sem valkvæðar skoðanir og skoðanir sem óhagglegar staðreyndir. Þetta á bæði við um óbrotnar staðreyndir og skilning sem aflað er með rannsóknum í háskólum, svo sem á loftlagsbreytingum og veirusjúkdómum. Til að bæta gráu ofan á svart benda rannsóknir til þess að á samfélagsmiðlum breiðist falsfréttir og ósannur orðrómur út bæði hraðar og víðar en staðreyndir.<sup>85</sup> Þessar aðstæður í samtíma okkar skapa þekkingarfræðilega óvissu sem ógnar lýðræðinu og veikir tilkall valdhafa til réttmæts lýðræðislegs umboðs.<sup>86</sup>

Þó greining Arendt tali sterkt inn í samtíma okkar má einnig gagnrýna þann skarpa greinarmun sem hún virðist gera á sannleika og hinum ýmsu staðhæfingum sem settar eru fram í þjóðfélags- eða stjórn málaumræðu. Eins og Simone Chambers bendir réttilega á virðist Arendt ganga út frá því að sannleikurinn sé einn og endanlegur á meðan staðhæfingar í stjórnmálum séu margvíslegar og umdeilanlegar.<sup>87</sup> Þessi forsenda rímar illa við skilning okkar á því hvernig sannleiksleit fer fram, hvort sem það er í háskólum eða á fjölmiðlum, og einnig hvernig þjóðfélagsumræða getur þegar best lætur haft tilhneigingu til að elta uppi sannleikann. Það er hæpin lýsing á háskólastarfi að þar sé leitað að eilífum og óbreytanlegum sannleika, sem standi utan og ofan við öll þau álitaefni sem borgarar og stjórnmálafólk í lýðræðisríki þurfa að mynda sér skoðun á. Leitin að þekkingu og skilningi, sem talið er að einkenni háskólastarf öðru fremur, ætti að fylgja ferli gagnrýnnar hugsunar þar sem staðhæfingar eru settar fram með fyrirvara um að þær gætu reynst rangar og látið er reyna á trúverðugleika þeirra með röksemdum, gögnum og tilraunum. Slík leit skilar gagnlegum staðreyndum og bættum skilningi með hjálp kenninga, þar á meðal staðreyndum og skilningi sem er hluti þess staðreyndagrunns sem pólitísk skoðanamyndun í samfélaginu getur gengið að vísun þar til frekari rannsóknir hafa leitt annað í ljós. Hún

---

cy. Is Fake News Destroying the Public Sphere?“, *Political Studies* 69: 1/2021, bls. 147–163, hér bls. 148.

<sup>85</sup> Robinson Meyer, „The Grim Conclusions of the Largest-Ever Study of Fake News“.

<sup>86</sup> Þetta á ekki endilega við ef fylgt er þröngum, formlegum skilningi á lýðræðislegu umboði, svo sem að það sé einungis háð almennum kosningum og að störf valdhafa rúmist innan laga. Þann skilning má þó gagnrýna frá sjónarhóli ólíkra túlkana á lýðræðishugmyndinni.

<sup>87</sup> Simone Chambers, „Truth, Deliberative Democracy, and the Virtues of Accuracy“, bls. 152.

skilar ekki eilífum og óbreytanlegum sannleika sem hefur á einhvern hátt opinberast háskólafólki. Þaðan af síður skilar hún niðurstöðum sem gerir pólitískan ágreining óþarfan með því að smætta hann niður í ágreining um staðreyndir.<sup>88</sup> Starfi fjölmiðla er sömuleiðis ekki rétt lýst þannig að þeir miðli einföldum og óumdeilanlegum staðreyndum. Fjölmiðlar með lýðræðishlutverk verða, rétt eins og háskólar, að fylgja aðferðum gagnrýnnar hugsunar og sannreyna meintar staðreyndir, leiðrétta það sem reynist rangt og greina frá ólíkum túlkunum og sjónarmiðum, auk þess sem þeir eiga stærstan þátt í að miðla inn í þjóðfélagsumræðuna staðreyndum og skilningi sem byggist á rannsóknum í háskólum.

Það er ekki alveg eins einfalt og Arendt vill vera láta að greina óhagganlegar staðreyndir og miðla þeim til almennings. Chambers færir rök fyrir því að gagnlegri mynd fái ef litið er til þess hvernig kenningar um rök-ræðulýðræði, og þá einkum kenning Jürgen Habermas, lýsa hlutverki þjóðfélagsumræðu í lýðræðislegu samfélagi.<sup>89</sup> Kenningar um rök-ræðulýðræði draga upp kjörmynd lýðræðis sem sýnir hvernig leggja má betri grunn að réttmætu umboði fyrir opinbera stefnumótun og ákvarðanir stjórnvalda. Habermas færir rök fyrir því að almennarýmið eigi að geta orðið vettvangur þjóðfélagsumræðu sem hneigist til að leita uppi sannleikann frekar en að bjaga hann eða hafa endaskipti á staðreyndum og skoðunum. Staðhæfingar um staðreyndir séu ávallt háðar fyrirvara um að þær gætu reynst rangar og trúverðugleiki slíkra staðhæfinga fari eftir því hvernig þeim hefur vegnað í hreinsunareldi orðræðu þar sem teft er fram röksemdum, sönnunargögnum og ýmiss konar réttlætningum ásamt vörnum gegn gagnrýni og mótbárum. Til að orðræða þjóni þessum tilgangi verði hún að uppfylla formleg skilyrði á borð við að enginn sé beittur þvingun, fólk hafi fullt frelsi til að andmæla og allir þátttakendur hafi jafna stöðu. Skilyrði af þessu tagi má ljóslega greina í vísindalegri og fræðilegri umræðu þar sem trúverðugleiki niðurstöðunnar veltur á heilindum þess ferlis rök-ræðu og rannsókna sem að baki henni liggur. Habermas telur að með svipuðum hætti megi líta svo á að ef rétt er að staðið geti lýðræðislegt fyrirkomulag sannprófað trúverðugleika staðhæfinga um staðreyndir. Með lýðræðislegu fyrirkomulagi er hér átt við að til staðar sé frjáls, opin, gagnrýnin og víðtæk þjóðfélagsumræða, jöfn staða borgaranna, frjálsir, öflugir og aðgengilegir fjölmiðlar, almenn

<sup>88</sup> Sjá Michael J. Sandel, *The Tyranny of Merit*, bls. 110–112.

<sup>89</sup> Simone Chambers, „Truth, Deliberative Democracy, and the Virtues of Accuracy“, bls. 152–155; Jürgen Habermas, *Truth and Justification*, þýð. Barbara Fultner, Cambridge, MA: MIT Press, 2005.

upplýsingamiðlun og fjölhyggja. Þó þessi skilyrði séu misvel uppfyllt í veruleikanum felur kjörmynd rökræðulýðræðis í sér að lýðræðið standi betur undir nafni og sé réttmætara eftir því sem þau eru betur uppfyllt.

Í ljósi þessara hugleiðinga um rökræðulýðræði og trúverðugleika staðhæfinga blasir við að háskólar eru í lykilstöðu til að stuðla að því að þjóðfélagsumræðan uppfylli sem best skilyrði rökræðulýðræðis og ýta undir hæfni og vilja borgaranna til þátttöku. Samkvæmt kjörmynd rökræðulýðræðisins sprettur opinber stefnumótun úr jarðvegi reynslu, viðhorfa og skoðana almennra borgara. Þjóðfélagsumræðan síar út úr þessum jarðvegi staðhæfingar og umræðuefni sem krefjast nánari umfjöllunar og skoðunar, allt þar til ákveðnir valkostir um stefnumál hafa verið meitlaðir þannig að um þá sé hægt að kjósa í almennum kosningum eða af kjörnum fulltrúum. Til að þetta ferli virki er nauðsynlegt að borgararnir hafi bæði hæfni og vilja til að hafa það sem sannara reynist.<sup>90</sup> Chambers<sup>91</sup> bendir á að hér reyni á dygð sannsöglinnar, sem Bernard Williams greinir í tvo þætti, einlægni og nákvæmni.<sup>92</sup> Einlægni – viljinn til að segja satt – dugar skammt ef fólk skortir hæfni til að greina á milli þess sem er sennilegt og ósennilegt, satt og ósatt. Hin tvíþætta dygð sannsöglinnar verður ekki til af sjálfri sér heldur krefst hún þjálfunar og sifelldrar ástundunar. Slík þjálfun og ástundun ætti að vera keppikefli háskóla ef marka má þann útbreidda skilning að starf þeirra snúist um lærdóm, þekkingu og gagnrýna hugsun.<sup>93</sup> Þannig fara algengar hugmyndir um meginhlutverk háskóla nákvæmlega saman við grunnþarfir lýðræðisins samkvæmt kjörmynd rökræðulýðræðis. Ástæðan fyrir því að lýðræðið þarf á háskólum að halda er ekki einungis sú að þjóðfélagsumræðan þarf að byggjast á sameiginlegum heimi grunnstaðreynda sem háskólar (ásamt fjölmiðlum) leggja af mörkum til. Ástæðan er ekki síður sú að til að þjóðfélagsumræðan þjóni hlutverki sínu við að elta uppi sannleikann verða borgararnir að rækta dygð sannsöglinnar og sú ræktun ætti að vera eitt helsta keppikefli háskóla.

<sup>90</sup> Samanber greiningu Vilhjálms Árnasonar á vitsmunalegri ábyrgð, sem feli í sér bæði samræðuvilja og samræðuhæfni, *Farsælt líf*, bls. 410–412.

<sup>91</sup> Bls. 158–160.

<sup>92</sup> Bernard Williams, *Truth and Truthfulness. An Essay in Genealogy*, Princeton: Princeton University Press, 2002.

<sup>93</sup> Jón Torfi Jónasson, *Inventing Tomorrow's University*, bls. 44; Páll Skúlason, *Háskólaþeltingar. Um stefnu og stöðu háskóla í samtímanum*, Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2014; Trausti Þorsteinsson, Sigurður Kristinsson og Hjördís Sigursteinsdóttir, „Samfélagslegt hlutverk háskóla“, *Stjórnmal og stjórnsýsla* 8: 2/2012, bls. 281–302, hér bls. 292.

## *Táknrænt lýðræðisgildi háskóla*

Ofangreindir þættir eru dæmi um lýðræðislegt notagildi háskólastarfs.<sup>94</sup> En háskólastarf hefur einnig bæði táknrænt lýðræðisgildi og framlagsgildi sem hluti þeirrar heildar sem myndar lýðræðislegt samfélag. Hefðir jafningjastjórnunar og jafningjamats eru sterk lýðræðistákn um háskólasamfélag sem akademískt lýðveldi (e. *academic republic, republic of letters*). Ein af kjörmyndum lýðræðis kallast á ensku *republican democracy* og hefur verið nefnd bæði „lýðveldishygga“ og „þjóðræði“ á íslensku.<sup>95</sup> Grunnhugmyndin er sú að „lýðræði birtist í sameiginlegu sjálfræði borgaranna sem ráða ráðum sínum og eru virkir þátttakendur í pólitísku lífi“.<sup>96</sup> Hefðir jafningjastjórnunar falla vel að þessari hugmynd. Þær hafa hins vegar þótt mjög á undanhaldi síðustu áratugi á tímum vaxandi stjórnlyndis (e. *managerialism*) og nýskipanar í ríkisrekstri (e. *new public management*).<sup>97</sup> Sú umdeilda þróun hefur óneitanlega veikt táknrænt lýðræðisgildi háskóla og líklega einnig lýðræðislegt notagildi þeirra.

Háskólar geta verið lýðræðistákn á fleiri vegu en með hefðum jafningjastjórnunar. Eitt mikilvægasta gildi lýðræðisins er frelsi borgaranna til tjáningar, skoðana og andófs. Akademískt frelsi er grunngildi háskólastarfs samkvæmt þeim skilningi á háskólastarfi sem almennt er viðtekinn og rekja má til áhrifamestu hugmyndarinnar um nútímaháskóla, hugmyndar Humboldts.<sup>98</sup> Akademískt frelsi felur í sér að háskólakennarar hafa svigrúm til að beita faglegrri dómgreind sinni í þágu akademískra markmiða við val á rannsóknarefnum og aðferðum ásamt áherslum í kennslu. Akademísku markmiðin tengjast leitinni að þekkingu og skilningi og jákvæðum áhrifum hennar á samfélagið. Í þessum efnum lúta þeir ekki boðvaldi yfirmanna, háskólastjórna eða fjármögnunaraðila heldur einungis faglegu jafningjamati

<sup>94</sup> Með þessu er ekki útilokað að einnig megi líta á lýðræði í skilningi Deweys sem forsendu góðs fræðastarfs. Þetta er hér látið liggja milli hluta og einungis fullyrt að margt sem á sér stað (eða getur átt sér stað) í háskólum hafi góðar afleiðingar fyrir lýðræði í samfélaginu.

<sup>95</sup> Philip Pettit, *On the People's Terms*; Vilhjálmur Árnason, „Valdið fært til fólksins. Veikleikar og verkefni íslensks lýðræðis í aðdraganda og eftirmálum hrunsins“, *Hugsmíðar. Um siðferði, stjórnmal og samfélag*, Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2014, bls. 149–186, hér bls. 160; Vilhjálmur Árnason, „Rökræða, stofnanir, þátttaka. Ágreiningsefni um lýðræði“, *Stjórnmal og stjórnsýsla* 16: 2/2020, bls. 167–190, hér bls. 173.

<sup>96</sup> Vilhjálmur Árnason, „Rökræða, stofnanir, þátttaka“, bls. 173.

<sup>97</sup> Sjá til dæmis Peter Fleming, *Dark Academia*, bls. 34–49.

<sup>98</sup> Wilhelm von Humboldt, „On the Spirit and the Organizational Framework of Intellectual Institutions in Berlin“.

og jafningjastjórnun við skipulag námsbrauta. Akademískt frelsi undirstrikar þannig jafna stöðu háskólakennara sem akademískra borgara, með því frelsi og þeirri ábyrgð sem í því felst, og veitir þeim svigrúm til tjáningar og rökræðu um ólík viðhorf og skoðanir um fræðileg efni eftir því sem viðfangsefni hverrar fræðigreinar gefa tilefni til.<sup>99</sup> Auk skuldbindingar sinnar við akademískt frelsi hafa háskólar leitast við að skapa vettvang fyrir opinskáa umræðu um hvers kyns ágreiningsefni, svo sem með því að veita stúdentafélögum frelsi til að efna til málfunda og bjóða þar til þátttöku hverjum sem þau fýsir án þess að eiga á hættu að háskólayfirvöld grípi inn í til að forðast hörð viðbrögð við umdeildum skoðunum.<sup>100</sup> Háskólar sem virða akademískt frelsi og almennt mál- og skoðanafrelsi eru þannig táknmyndir lýðræðis í tvennum skilningi: Annars vegar vísa þeir með tryggð sinni við akademískt frelsi til lýðræðislegs gildis heiðarlegra rökræðna og skuldbindingar við sannleikann; hins vegar vísa þeir með umburðarlyndi sínu til þess grunngildis lýðræðis sem felst í almennu mál- og skoðanafrelsi.

Háskólar geta því verið táknmyndir fyrir lýðræðislega jafningjastjórnun annars vegar og málfrelsi og rökræðulýðræði hins vegar; í þessum táknum felst hluti þess lýðræðislega gildis sem háskólar hafa. En þegar háskólar eru traustur vettvangur fyrir jafningjastjórnun, akademískt frelsi og rökræður um þjóðfélagsmál hefur það meira en bara táknrænt gildi því að þessir þættir hafa líka afleiðingar sem eru verðmætar fyrir lýðræðið. Þau sem taka þátt í háskólasamfélagi af þessu tagi geta með því öðlast aukna lýðræðislega borgaravitund og hæfni til að mæta samborgurum með ólík lífsviðhorf, til að hlusta hvert á annað og ræða samfélagsmál af umburðarlyndi en jafnframt virðingu fyrir rökum og staðreyndum. Þau sem standa utan háskólasamfélagsins hverju sinni geta sömuleiðis fengið innblástur og hvatningu frá þeim táknmyndum lýðræðis sem lesa má út úr lýðræðisvænu háskólastarfi. Sterkar táknmyndir geta þannig haft margvíslegar jákvæðar afleiðingar fyrir lýðræðismenningu og þannig haft tvöfalt lýðræðislegt gildi, bæði táknrænt gildi og notagildi.

<sup>99</sup> Guðmundur Heiðar Frímansson, Anna Ólafsdóttir, Guðrún Geirsdóttir, Sigurður Kristinsson og Valgerður Bjarnadóttir, „Akademískt frelsi, ábyrgð og hömlur: Sjóarmið háskólakennara á Íslandi“, *Stjórnsmál og Stjórnsýsla* 18: 1/2022, bls. 139-164, hér bls. 143-144.

<sup>100</sup> Ronald J. Daniels, *What Universities Owe Democracy*, bls. 230-231.

## Lýðræðislegt framlagsgildi háskóla

Auk notagildis og táknarens gildis hafa háskólar verulegt framlagsgildi fyrir lýðræðið. Framlagsgildi hlutar eða fyrirbæris felst í því að vera hluti af verðmætri heild, svo sem þegar vængur flugvélar þiggur gildi sitt frá framlagi sínu til þess að vélin geti flogið, eða þegar kórsöngur einstaklings þiggur gildi sitt frá framlagi sínu til þess að kórinn í heild myndi fallegan hljóm. Líta má á lýðræði sem kerfi stofnana, sem hver og ein hefur hlutverki að gegna svo að lýðræðisfyrirkomulagið gangi upp. Stofnanir löggjafavalds, framkvæmdavalds og dómvalds eru hér augljós dæmi, ásamt frjálsum fjölmiðlum. Menntakerfið er nauðsynlegur hluti þessa fyrirkomulags stofnana í lýðræðisþjóðfélagi. Án almennrar menntunar væru forsendur brostnar bæði fyrir lögmæti lýðræðislegs valds og stöðugleika lýðræðislegs stjórnskipulags, enda hefur almenningsfræðslu og almennri skólaskyldu víðast verið komið á í tengslum við lýðræðisþróun.<sup>101</sup> Þó að háskólar hafi lengi vel verið elítustofnanir er ljóst að þegar á 19. öld hélst þróun nútímaháskólans í hendur við hugmyndir um tengsl hans við lýðræðið og má í því sambandi rifja upp orð William Rainey Harpers, fyrsta rektors Chicago háskóla, um að háskólar ættu bæði upphaf sitt og eðli í „anda lýðræðisins“.<sup>102</sup> Eftir fjöldavæðingu háskólastigsins á seinni hluta 20. aldar varð hlutverk háskóla í gangverki lýðræðisins enn brýnna.<sup>103</sup>

Ein leið til að greina lýðræðislegt framlagsgildi háskóla er sú að ímynda sér samfélagið án háskóla og spyrja hvaða þætti myndi þá vanta til að hægt yrði að tala um gott og traust lýðræðislegt þjóðfélag. Augljósasta og elsta dæmið um framlagsgildi háskóla til lýðræðisins er hlutur þeirra í menntun embættismanna ríkisins, en án slíkrar menntunar væri starf dómstóla og stjórnsýslu í verulegri hættu, svo dæmi sé tekið. Af öðrum starfsstéttum sem gegna lykilhlutverki í gangverki lýðræðisins er sérstök ástæða til að nefna kennara því að eins og áður er getið krefst lýðræðið almennrar menntunar og háskólar eiga nú á tímum stærstan þátt í að veita kennaraefnum náms-

<sup>101</sup> Sjá til dæmis Ólaf Pál Jónsson, „Lýðræðisleg menntastefna. Sögulegt ágríp og heimspökileg greining“, *Stjórnmal & stjórnsýsla* 10: 1/2014, bls. 97–116 og Johann N. Neem, *Democracy's Schools. The Rise of Public Education in America*, Baltimore: Johns Hopkins University Press, 2017.

<sup>102</sup> William Rainey Harper, *The Trend in Higher Education*, Chicago: University of Chicago Press, 1905, bls. 3.

<sup>103</sup> Rachel F. Moran, „City on a Hill. Democratic Promise of Higher Education“, Sigríður Matthíasdóttir, „Grunnmenntunarskólinn 1961-1990“, Gunnar Karlsson ritstj., *Aldarsaga Háskóla Íslands 1911-2011*, Reykjavík: Háskólaútgáfan, bls. 283–531.

gráður til starfsréttinda. Tenging heilbrigðisstéttanna við lýðræðið er ögn óbeinni, en þó má auðveldlega færa rök fyrir því að heilsa og heilbrigði borgaranna styðji við lýðræðislega virkni þeirra og rannsóknir hafa leitt í ljós fylgni á milli lýðræðis og almenns aðgengis að heilbrigðisþjónustu.<sup>104</sup> Enda þótt rannsakendur virðist hafa meiri áhuga á áhrifum lýðræðis á heilsu en áhrifum heilsu á lýðræði<sup>105</sup> má gera ráð fyrir því að almennt aðgengi borgaranna að heilbrigðisþjónustu hafi jákvæða lýðræðislega þýðingu. Sé það rétt er menntun heilbrigðisstétta, ásamt rannsóknum í heilbrigðisvísindum, hluti af gangverki lýðræðisins, rétt eins og menntun kennara og lögfræðinga.<sup>106</sup>

Hér að framan var rætt um lýðræðislegt notagildi þekkingarsköpunar og ræktunar sannsögli í háskólum. Þekking eykur möguleikana á upplýstri þjóðfélagsumræðu og almannavilja, vönduðum ákvörðunum í sameiginlegum málum og ígrundaðri framþróun lýðræðisins sjálfs. Gildi slíkrar þekkingarsköpunar og viðhalds þekkingar fyrir lýðræðið má einnig líta á sem framlagsgildi að svo miklu leyti sem hún er liður í gangverki þess og viðhaldi til lengri tíma. Ímyndum okkur til dæmis að hætt yrði að leggja stund á sagnfræði við íslenska háskóla. Neikvæð áhrif á lýðræðið kæmu ef til vill ekki fram fyrir en eftir fáein kjörtímabil, en þá færi að hrikta í því gangverki þjóðfélagsumræðu sem reiðir sig meðal annars á ferska sýn, nýja túlkun, skilning og þekkingu hvernar kynslóðar fræðafólks á sögu og samtíma. Þetta sýnir að iðkun sagnfræði við íslenska háskóla þiggur gildi sitt (að hluta) frá framlagi sínu til þeirrar verðmætu heildar sem er íslenskt lýðræði. Svipaða sögu er að segja af mörgum öðrum fræðigreinum.

Framlagsgildi háskóla getur einnig falist í því sem Jaspers kallaði sjálf-ræði vísindanna og Habermas lýsir sem alþjóðlegu samskiptaneti „sem geti verndað hið frjálsa ríki frá alræðisríkinu“.<sup>107</sup> Háskólar mynda bæði formleg og óformleg samstarfsnet þvert á landamæri og gjarnan er litið á vísinda- og

<sup>104</sup> Tara Templin, Joseph L. Dieleman, Simon Wigley, John Everett Mumford, Molly Miller-Petrie, Samantha Kiernan, Thomas J. Bollyky, „Democracies Linked To Greater Universal Health Coverage Compared With Autocracies, Even In An Economic Recession“, *Health Affairs* 40: 8/2021, bls. 1234–1242.

<sup>105</sup> Sjá til dæmis Yi-ting Wang, Valerya Mechkova og Frida Andersson, „Does Democracy Enhance Health? New Empirical Evidence 1900–2012“, *Political Research Quarterly* 72: 3/2019, bls. 554–569.

<sup>106</sup> Hér mætti einnig nefna mikilvægi þess að heilbrigðisstarfsfólk njóti trausts og geti miðlað upplýsingum á skiljanlegan hátt svo að hemja megí faraldur á borð við Covid 19 án þess að veða með valdi að lýðræðislegum undirstöðum samfélagsins.

<sup>107</sup> Jürgen Habermas, „The Idea of the University: Learning Processes“, *New German Critique* 41/1987, bls. 3–22, hér bls. 17.



fræðistörf í háskólum sem alþjóðlega iðju. Eins og nýleg dæmi sanna bæði í Ungverjalandi og Tyrklandi er alþjóðasamstarf háskóla þyrnir í augum stjórnvalda í ríkjum þar sem lýðræði á í vök að verjast.<sup>108</sup> Alþjóðasamskipti háskólafólks gera alræðisöflum erfiðara fyrir að sölsa til sín völd með aðferðum lýðhyggju og þjóðernishyggju. Samkvæmt hugmynd Jaspers geta alþjóðleg samskiptanet háskólafólks veitt ákveðna vörn gegn alræðisöflum innan hvers lýðræðisríkis og háskólar þannig haft gildi vegna framlags síns til þessara alþjóðlegu varna fyrir lýðræði í heiminum.

Gera má greinarmun á tvenns konar framlagsgildi hlutar eða fyrirbæris eftir því hvort það er nauðsynlegt til að verðmætin sem um ræðir verði að veruleika. Til að flugvél geti flogið þarf hún tvo vængi og því hefur hvor vængur fyrir sig nauðsynlegt framlagsgildi. Dæmi um ónauðsynlegt framlagsgildi er hins vegar framlag hvers söngvara í stórum kór til þess að kórinn myndi hljóma. Ef einn söngvari forfallast í 50 manna kór mun hann hljóma samt sem áður, þótt hljómurinn yrði enn fyllri ef kórinn væri fullskipaður. Framlag hvers og eins er verðmætt þó það sé ekki nauðsynlegt. Annað dæmi um ónauðsynlegt framlagsgildi er framlag borðfótar til þess að borðið haldist stöðugt. Þótt fótinn vantaði væri hægt að halda borðinu stöðugu með því til dæmis að hlaða stafla af bókum undir borðshornið. Framlag fótarins til stöðugleika borðsins er verðmætt en ekki nauðsynlegt því að hægt væri að nota eitthvað annað í sama tilgangi.

Spyrja má hvort framlagsgildi háskóla til lýðræðis sé nauðsynlegt eða ónauðsynlegt, með hliðsjón af sögu og einkennum þessara stofnana. Lýðræði hefur verið til í einhverri mynd án háskóla, svo sem í Aþenu til forna, og vissulega er mögulegt að nota lýðræðislega ferla til að komast að niðurstöðu í sameiginlegum málum í mannlegu samfélagi án þess að háskólar komi þar beint við sögu. En án framlags háskóla er hætt við að lýðræði yrði valt í sessi sem stjórnskipulag heils ríkis til lengri tíma litið, enda hafa alræðisríki löngum leitast við að takmarka þá þætti háskólastarfs sem mesta þýðingu hafa fyrir lýðræðið. Sú viðleitni sannar ekki að slíkt háskólastarf sé nauðsynlegt lýðræðinu en bendir til þess að það ýti undir lýðræði og grafi undan alræði. Enn fremur bendir hún til þess að með háskólastarfi af þessu tagi skapist lýðræðisvörn sem erfitt er að sjá fyrir sér að yrði til með öðru móti en einmitt með því að starfrækja háskóla.

<sup>108</sup> Ronald J. Daniels, *What Universities Owe Democracy*, bls. 1–4; Ayla Jean Yackley, „Turkish University Protests Continue over Erdogan-appointed Rector“, *Politico*, 15. janúar 2021, sótt 20. apríl 2022 af <https://www.politico.eu/article/turkey-university-rector-melih-bulu-protests-recep-tayyip-erdogan/>.

Sem dæmi um viðleitni alræðisafla til að takmarka lýðræðisvæna þætti háskólastarfs má nefna að á 18. öld studdi sænska konungsríkið við notkun latínu í háskólum til að koma í veg fyrir „útbreiðslu hættulegra hugmynda um guðfræði og stjórnsmál til almennings“.<sup>109</sup> Frelsi almennings til gagnrýnnar hugsunar og skilningsleitar var greinilega talið ógna þeirri heimsmynd sem réttlætti vald konungsins. Af sömu ástæðu einskorðuðu háskólar í Sovétríkjunum starfsemi sína við kennslu, en rannsóknir voru hafðar í sérstökum stofnunum og mjög háðar pólitískri stýringu. Dæmi af svipuðum toga sjást greinilega í alræðisríkjum á 21. öld þar sem háskólar njóta hvorki sjálfræðis né akademíks frelsis og orðræða um borgaralega ábyrgð háskóla einskorðast við þjónustu við samfélagið og þarfir atvinnulífsins, án þess að lykilhugtök lýðræðismenntunar á borð við ígrundun, gagnrýna hugsun, opið hugarfar og samræður í skólastofunni komi þar neitt við sögu.<sup>110</sup> Dæmi sem þessi benda til þess að andlýðræðislegt stjórnarfar muni eiga erfitt uppdráttar í ríkjum þar sem starfræktir eru háskólar með þau einkenni sem tengjast lýðræðislegu framlagi háskólastarfs. Af sömu ástæðu má leiða líkur að því að án slíkra háskóla myndi lýðræðislegt stjórnarfar eiga erfitt uppdráttar til lengri tíma litið. Andlýðræðisleg stjórnvöld telja valdi sínu ógnað af háskólum sem rækta lýðræðishæfni og sannsögli, ýta undir lýðræðismenningu, eru óháðir boðvaldi stjórnvalda og virða akademískt frelsi. Háskólar sem vanrækja þessa þætti draga framlag sitt til lýðræðisins til baka og grafa undan öryggi þess. Af þessum sökum virðist réttara að líkja lýðræðisframlagi háskóla við nauðsynlegt framlag vængsins til þess að flugvélin haldist á lofti en við ónauðsynlegt (en verðmætt) framlag hvers söngvara til þess að kórinn búi til fallegan hljóm eða framlag borðfótar til stöðugleika borðsins. Án framlags háskóla myndi lýðræðinu fatast flugið.

### *Innra lýðræðisgildi háskóla*

Svo gæti virst sem lýðræðislegt gildi háskóla hljóti að einskorðast við ytra gildi og geti ekki verið hluti af innra gildi þeirra. Innra gildi hlutar eða fyrir-

<sup>109</sup> Inge Jonsson, „Universities, Research and Politics in Historical Perspective“, *The European Research University. An Historical Parenthesis*, ritstj. Kjell Blücker, Guy R. Neave and Thorsten Nybom, New York: Palgrave Macmillan, 2006, bls. 51–60, hér bls. 54–55.

<sup>110</sup> Walid Moussa og Kamal Abouchéid, „New Technologies and their Implications for Higher Education’s Democratic Mission: Theme from the Arab Region“, *Higher Education for Democratic Innovation* (vol. 21), ritstj. Sjur Bergan, Tony Gallagher og Ira Harkavy, Strasbourg: Council of Europe, 2016, bls. 219–232.

bæris er það gildi sem það hefur í sjálfu sér. Ánægja og vellíðan er til dæmis gjarnan talin góð í sjálfu sér og sársauki slæmur í sjálfu sér. Það sem gerir ánægjuna góða er ekki tengsl hennar við eitthvað annað, svo sem notagildi hennar, táknrænt gildi eða framlagsgildi (þó að það sem er ánægjulegt geti að sjálfsögðu einnig haft slíkt gildi), heldur er einfaldlega gott að líða vel og vont að líða illa. Því mætti álykta sem svo að ef háskólar hafa innra gildi þá verði það ekki skýrt með tengslum þeirra við lýðræði, því slík skýring myndi samstundis fela í sér að um ytra gildi væri að ræða.

Eins og Ziliotti bendir á er málið þó ekki alveg svona einfalt.<sup>111</sup> Stofnun getur haft annars stigs innra gildi ef hún er birtingarmynd verðmætrar hugsjónar eða nauðsynlegur hluti þess að hún verði að veruleika. Ef við teljum lýðræði verðmætt í sjálfu sér og teljum einnig að háskólar geti verið birtingarmyndir lýðræðis, þá má túlka viðhorf okkar þannig að lýðræði hafi fyrsta stigs innra gildi og háskólar annars stigs innra gildi sem birtingarmyndir lýðræðis. Dæmin sem tekin voru hér að framan um háskóla sem tákn lýðræðis má þannig einnig flokka sem dæmi um annars stigs innra gildi háskóla. Háskólar sem einkennast af jafningjastjórnun, jafningjamati, frjálsum rökræðum, akademísku frelsi og umburðarlyndi eru stofnanir þar sem lykilþættir lýðræðis eru lifandi veruleiki. Það sama má segja um lýðræði í kennslustofunni þar sem það er viðhaft. Lýðræði í námssamfélagi hefur annars stigs innra gildi sem birtingarmynd lýðræðis til viðbótar við það gildi sem það kann að hafa sem farvegur menntunar. Einnig er ljóst að ef háskólar eru nauðsynlegir til að lýðræðislegt þjóðskipulag fái þrífist, eins og hér hefur verið haldið fram, þá hafa þeir annars stigs innra gildi sem nauðsynlegur hluti lýðræðis.

### *Lokaorð*

Háskólar geta þegið gildi sitt frá gildi lýðræðisins með ýmsum hætti. Augljósast er notagildi þeirra við að koma á, viðhalda og efla lýðræði í samfélaginu. Notagildið felst meðal annars í þekkingarsköpun sem er lýðræðinu mikils virði ásamt rækt háskóla við lýðræðishæfni borgaranna og lýðræðismenningu í samfélaginu. Mikilvægt lýðræðislegt notagildi felst í skuldbindingu háskólastarfs við sannleikann, ásamt því hugarfari og gildismati sem tengist þeirri skuldbindingu, því að án hennar visnar lýðræðið og molnar. Auk notagildis geta háskólar haft gildi sem tákn lýðræðis, svo sem með jafningjastjórnun og frelsi til skoðana og tjáningar. Enn fremur hafa

<sup>111</sup> Elena Ziliotti, „Democracy’s Value“, bls. 413–414.

þeir framlagsgildi með því að vera hluti af þeirri heild sem myndar lifandi og lífvænlegt lýðræðislegt samfélag, svo sem með menntun fagstétta, þekkingarsköpun og alþjóðastarfi. Loks geta háskólar haft annars stigs innra gildi sem birtingarmyndir lýðræðis að því marki sem lýðræði er iðkað í háskólastarfi og sem nauðsynleg forsenda lýðræðislegs þjóðskipulags. Háskólar hafa því ekki einungis margvíslegt lýðræðislegt gildi heldur getur lýðræðið ekki komist af án þeirra. Þessu verða háskólar að taka mið af í starfi sínu. Með því að draga fram þá þætti háskólastarfs sem eru lýðræðinu mikilvægir, eins og leitast er við í þessari grein, verða til forsendur í lýðræðisríki fyrir stefnumótun í málefnum háskóla bæði af hálfu háskólanna sjálfra og samfélagsins í heild.

## ÁGRIP

Samkvæmt nýlegri greiningu á opinberum stefnuskjölum um háskóla á Íslandi eru hugmyndir um lýðræðislegt hlutverk þeirra óljósar og ómótaðar auk þess að falla í skuggann af þrústefnu um gæði og samkeppnishæfni. Þetta er sérstakt áhyggjuefni í ljósi þess að lög kveða á um að háskóli undirbúi nemendur til ábyrgrar þátttöku í lýðræðissamfélagi. Í alþjóðlegri umræðu hefur áhugi á borgaralegu og lýðræðislegu hlutverki háskóla aukist og helst umræða um lýðræðishlutverk háskóla í hendur við sívaxandi ógnir við lýðræði í heiminum. Í stað þess að einblína á háskólann sem uppsprettu efnahagslegra eða andlegra verðmæta velta æ fleiri því fyrir sér hvernig háskólar myndi samfélagsleg verðmæti með skírskotun til siðferðilegra gilda. Það er á ábyrgð íslenskra háskóla að rannsaka, ígrunda og efla samband sitt við lýðræði á Íslandi.

Markmið rannsóknarinnar er að greina í hverju lýðræðislegt gildi háskóla liggur. Þótt hugtökin háskóli og lýðræði séu margræð er þess freistað að greina þá þætti í háskólastarfi sem hafa gildi fyrir lýðræði óháð ólíkum túlkunum. Aðferðin felst í flokkun á notagildi, táknrænu gildi, framlagsgildi og annars stigs innra gildi háskólastarfs frá sjónarhóli lýðræðis.

Helstu niðurstöður eru þessar: Lýðræðislegt notagildi háskólastarfs felst í þekkingarsköpun, mótun lýðræðishæfni og lýðræðismenningar og skuldbindingu við sannleikann. Táknrænt lýðræðisgildi háskóla felst í hefðum jafningjastjórnunar, akademísku frelsi, tjáningarfrelsi og umburðarlyndi. Háskólar hafa lýðræðislegt framlagsgildi með því að vera hluti lýðræðislegs þjóðskipulags, svo sem með menntun embættismanna, sérfræðinga og fagstétta, þekkingarsköpun og alþjóðastarfi. Há-

skólar hafa annars stigs innra gildi þegar lýðræði er iðkað í háskólastarfi og fyrir tilstilli þess.

Álykta má að hér skapist forsendur fyrir því að velja að ýta undir lýðræðislega mikilvæga þætti háskólastarfs í stað þess að láta reka á reiðanum um hvort íslenskt lýðræði spjari sig án þess að hlúð sé að því sérstaklega í starfi og stefnumótun háskóla.

*Lykilorð:* Háskólar, háskólamenntun, lýðræði, gildafræði, gildi háskóla.

## ABSTRACT

### Universities for the Sake of Democracy

A recent study of Icelandic public policy documents shows that ideas about the democratic role of universities are vague and undeveloped, as well as overshadowed by the recurrent theme of quality and competitiveness. This is a cause for concern since by law, universities in Iceland are expected to prepare students for responsible participation in democratic society. Internationally, interest in the civic and democratic role of universities has increased in tandem with rising threats to democracy globally. Instead of viewing universities exclusively as a source of economic and intellectual goods, these trends emphasise how universities also serve society with respect to fundamental moral values. Icelandic universities have the responsibility to investigate, reflect on, and strengthen their relationship with democracy in Iceland.

The aim of this study is to bring forth the democratic value of universities. Although the concepts of university and democracy admit of various interpretations, an attempt is made to draw out the university features that have value for democracy however understood. The methodological framework employs a distinction between instrumental value, symbolic value, contributory value, and second-order intrinsic value.

The instrumental democratic value of universities comprises the creation of new knowledge, the development of democratic competences and democratic culture, and a commitment to truth. Their symbolic democratic value consists in a culture of collegiality, academic freedom, freedom of expression, and tolerance. Universities have contributory democratic value by being part of a functioning democratic society, for example through education for public servants, specialists, and professionals, through knowledge production and international relations. Finally, universities

SIGURÐUR KRISTINSSON

have second-order intrinsic democratic value insofar as democracy is practiced in and through universities.

These results present an opportunity to support democratically important functions of universities deliberately instead of leaving it to chance how the operation of universities affects democracy in Iceland.

*Keywords:* Universities, higher education, democracy, value theory, value of universities.

SIGURÐUR KRISTINSSON

Prófessor

Hug- og félagsvísindasvið

Háskólinn á Akureyri

sigkr@unak.is